

Miðvikudaginn 11. janúar 1995.

Nr. 500/1994.

Sigurður Friðriksson

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

gegn

Helgu Gunnólfsdóttur

Helgu Árnadóttur

Gunnlaugu Árnadóttur og

Helgu Bylgju Gísladóttur

(Vilhjálmur Vilhjálmsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun söluverðs. Handveð. Mótbárumissir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. desember 1994, sem barst réttinum 22. sama mánaðar. Um kæruheimild er vísað til 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að frumvarpi sýslumannsins í Keflavík um úthlutun söluverðs fasteignarinnar nr. 11 við Háseylu í Njarðvík verði breytt þannig, að handhafa veðskuldabréfs á 6. veðrétti verði úthlutað 3.754.000 krónum í stað 6.121.474 krónum. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði.

Í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti hefur sóknaraðili teflt fram þeirri málsástæðu, að ekki hafi átt sér stað fullnægjandi umráðasvipting veðskuldabréfs þess, sem um ræðir í málinu. Yfirlýsing Stefáns Sigurðssonar 17. september 1989 með árituðu samþykki Jóns Sigurðssonar og Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns þess efnis, að bréfið skuli vera í vörslum hins síðastnefnda og vera til tryggingar dómskuld Jóns Sigurðssonar við varnaraðila, hafi ekki getað stofnað til löglegs handveðs, með því að hlutverk lög-

mannsins hafi verið að gæta hagsmuna Stefáns Sigurðssonar, annars eiganda bréfsins. Varnaraðilar hafa mótmælt þessari nýju máls-ástæðu sóknaraðila, meðal annars vegna þess, að hún sé of seint fram komin. Þegar af þeirri ástæðu fær hún eigi komist að í málinu.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Sigurður Friðriksson, greiði varnaraðilum, Helgu Gunnólfsdóttur, Helgu Árnadóttur, Gunnlaugu Árnadóttur og Helgu Bylgju Gísladóttur, 40.000 krónur í kær-umálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 1. desember 1994.

I.

Dómkröfur aðila.

Mál þetta, sem varðar ágreining við úthlutun nauðungarsöluandvirðis og rekið er samkvæmt XIII. kafla laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, var þingfest 31. ágúst 1994 og tekið til úrskurðar 30. október 1994 að loknum munnlegum málflutningi. Málið var endurupptekið 17. nóvember 1994 og samdægurs tekið til úrskurðar að nýju, eftir að gerðar höfðu verið athugasemdir til viðbótar fyrri málflutningi.

Sóknaraðili, Sigurður Friðriksson, kt. 190448-3559, Vesturgötu 37, Keflavík, gerir þá kröfu, að ákvörðun sýslumannsins í Keflavík frá 8. júlí 1994 um að byggja úthlutun söluverðs fasteignarinnar Háseylu 11, Njarðvík, á óbreyttu frumvarpi sýslumanns til úthlutunar, dags. 2. júní 1994, verði felld úr gildi og lagt verði fyrir sýslumann að úthluta varnaraðilum 3.754.000 krónum í stað 6.121.474 króna. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar, Helga Gunnólfsdóttir, kt. 010825-4829, Vesturgötu 34, Keflavík, Helga Árnadóttir, kt. 311056-7009, Miðgarði 1, Keflavík, Gunnlaug Árnadóttir, kt. 300645-4299, Suðurgarði 12, Keflavík, og Helga Bylgja Gísladóttir, kt. 290164-4869, Brekkustíg 1, Sandgerði, gera þá kröfu aðallega, að frumvarp sýslumanns til úthlutunar nauðungarsöluandvirðis verði staðfest og að varnaraðilar fái 6.121.474 krónur upp í kröfu sína samkvæmt veðskuldabréfi á 6. veðrétti. Til vara er þess krafist, að varnaraðilar fái út-

hlutað 4.964.424 krónum til greiðslu á greindri veðkröfu. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati réttarins.

Sáttaumleitanir dómara hafa engan árangur borið.

II.

Tildrög málsins.

Með bréfi lögmanns varnaraðila, dags. 9. desember 1993, var þess krafist, að sýslumaðurinn í Keflavík seldi nauðungarsölu fasteignina Háseylu 11, Njarðvík, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum. Krafa þessi var reist á skuldaþréfi sóknaraðila til handhafa, að höfuðstól 3.754.000 krónur, út gefnu 15. september 1988, tryggðu með 10. veðrétti í eigninni og uppfærslurétti. Bréfið er til átta ára með gjalddaga 15. september ár hvert og ber 24% vexti.

Sýslumaðurinn í Keflavík tók málið til meðferðar 11. mars 1994 og ákvað gegn andmælum sóknaraðila, að uppboð á eigninni byrjaði á skrifstofu embættisins 14. næsta mánaðar. Við fyrirtöku málsins þann dag var eignin boðin upp, og kom hæsta boð frá lögmanni varnaraðila, 3.000.000 króna. Hinn 11. maí 1994 var uppboðinu fram haldið á eigninni sjálfri til að leita frekari boða, og kom hæsta boð frá Sigurjóni Hreiðarssyni, 9.100.000 króna.

Samkvæmt frumvarpi sýslumanns til úthlutunar á söluverði eignarinnar, dags. 2. júní 1994, koma 6.121.474 krónur upp í kröfu varnaraðila, en samkvæmt nauðungarsölubeiðni er fjárhæð kröfunnar 11.338.644 krónur. Með bréfi lögmanns sóknaraðila, dags. 22. sama mánaðar, var frumvarpinu mótmælt, að því er varðaði úthlutun til varnaraðila. Hinn 8. júlí 1994 var frumvarpið tekið til meðferðar hjá sýslumanni, og ákvað hann þrátt fyrir andmæli sóknaraðila, að frumvarpinu yrði ekki breytt. Við fyrirtökuna lýsti lögmaður sóknaraðila yfir, að ákvörðun þessari væri vísað til dómsins.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila, dags. 14. júlí 1994, sem barst dóminum 18. sama mánaðar, var leitað úrlausnar dómsins um ágreining málsaðila. Málið var síðan þingfest 31. ágúst 1994, svo sem áður er getið.

III.

Málsatvik.

Með dómi bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur frá 16. maí 1988 í málinu nr. 148/1987: Jón Sigurðsson gegn varnaraðilum máls þessa, var nefndur Jón dæmdur til að greiða varnaraðilum 2.209.000 krónur ásamt 17,5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. september 1986 til 1. apríl 1988, þ. e. 612.070 krónur, 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 1.505.070 krónum frá 1. apríl 1988 til greiðsludags og 17,5% ársvöxtum af 1.316.000 krónum frá 1. apríl 1988 til greiðsludags auk málskostnaðar, 200.000 króna. Dómi þessum var skotið til Hæstaréttar Íslands með áfrýjunarstefnu, dags. 9. desember 1988, og með dómi réttarins frá 22. júní 1992 var dómur hér-

aðsdóms staðfestur og Jón Sigurðsson dæmdur til að greiða varnaraðilum sameiginlega 180.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinn 30. nóvember 1988 var tekin fyrir í fógetarétti Njarðvíkur beiðni varnaraðila um fjárnám í eignum Jóns Sigurðssonar til tryggingar skuld hans samkvæmt greindum bæjarþingsdómi. Að ábendingu Jóns var meðal annars lýst fjárnámi í skuldabréfi, sem tilgreint var þannig, að bréfið væri að höfuðstól 3.700.000 krónur, út gefið af sóknaraðila til fimm ára með 6,5% föstum vöxtum og verðtryggingu, – jafnframt, að bréfið væri í vörslum Stefáns Sigurðssonar, Eyrarlandsvegi 8, Akureyri. Í fógetarétti Njarðvíkur 7. desember 1988 var tilgreining bréfsins leiðrétt þannig, að um væri að ræða skuldabréf það, er mál þetta varðar, út gefið 15. september 1989 af sóknaraðila til handhafa, að höfuðstól 3.754.000 krónur með 24% vöxtum, tryggt með 10. veðrétti í fasteigninni Háseylu 11, Njarðvík.

Kjartani Reyni Ólafssyni hrl. var fyrir hönd Stefáns Sigurðssonar afhent umrætt veðskuldabréf úr þinglýsingu 6. desember 1988. Með yfirlýsingu, dags. 17. september 1989, samþykkti nefndur Stefán sem eigandi skuldabréfsins að hluta, að bréfið mætti standa til tryggingar áðurgreindri dóm-skuld Jóns Sigurðssonar við varnaraðila, en það mál var þá rekið fyrir Hæstarétti. Í yfirlýsingunni kom fram, að bréfið væri í vörslum Kjartans Reynis Ólafssonar hrl. og skyldi vera í vörslum hans, þar til dómur Hæstaréttar félli, og að greindur lögmaður skyldi gæta hagsmuna og koma fram fyrir hönd Stefáns. Hinn 22. september 1989 var yfirlýsing þessi árituð um samþykki lögmannsins og Jóns Sigurðssonar.

Ágreiningslaust er með málsaðilum, að veðskuldabréfið hafi verið í vörslum Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., þar til hann afhenti það varnaraðilum 2. nóvember 1992 að kröfu lögmanns þeirra.

Meðal málgagna eru ljósrít af eftirfarandi kvittunum Stefáns Sigurðssonar til sóknaraðila: kvittun dags. 15. september 1989, fyrir greiðslu að fjárhæð 1.307.210 krónur vegna afborgunar og vaxta af skuldabréfi með veði í fasteigninni Háseylu 11, kvittun dags. 25. september 1990 fyrir greiðslu að fjárhæð 1.257.590 krónur vegna sama og kvittun dags. 22. janúar 1992 fyrir greiðslu að fjárhæð 2.346.250 krónur vegna lokagreiðslu af skuldabréfi með 10. veðrétti í fasteigninni Háseylu 11, Njarðvík. Veðskuldabréf það, sem liggur til grundvallar máli þessu, er ekki áritað um greiðslur þessar.

Með úrskurði skiptaréttar Akureyrar, upp kveðnum 8. október 1991, var bú Stefáns Sigurðssonar tekið til gjaldþrotaskipta, og var búskiptum lokið 24. júní 1992 á grundvelli 120. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Málsástæður aðila.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að hann hafi að fullu greitt eiganda bréfsins veðskuldabréf það, sem mál þetta lýtur að. Þar sem bréfið sjálft hafi ekki verið áritað um greiðslurnar, tapist líklega sú mótbára gagnvart grandlausum handhöfum slíks bréfs, að höfuðstóll þess sé greiddur. Hins vegar tapist ekki sú mótbára gagnvart grandlausum handhöfum bréfsins, að vextir hafi að fullu verið greiddir. Kvittanir á lausu blaði fyrir vöxtum haldi gildi sínu, sbr. 3. gr. tilskipunar um áritun afborgana á skuldabréf frá 9. febrúar 1798 (sic), sem hafi fullt lagagildi.

Varnaraðilar halda því fram, að sóknaraðila hafi ekki tekist að sanna þá staðhæfingu sína, að umrætt veðskuldabréf sé að fullu greitt. Í því sambandi séu kvittanir Stefáns Sigurðssonar ófullnægjandi, og þrátt fyrir áskorun liggi ekkert fyrir í málinu, sem bendi til þess, að greiðslur þessar hafi raunverulega verið inntar af hendi, svo sem ljósrit ávísana, afrit skattframtala eða önnur gögn. Jafnvel þótt greiðslur þessar hefðu farið fram, stofni þær sóknaraðila engan rétt, þar sem honum hafi ekki verið skylt að inna þær af hendi til annars manns en þess, sem hafði bréfið undir höndum og gat áritað bréfið um greiðslur. Það hafi Stefán ekki getað, og því hafi sóknaraðila borið að „deponera“ greiðslum. Jafnframt komi fram í yfirlýsingu Stefáns, dags. 17. september 1989, að hann sé einungis eigandi skuldabréfsins að hluta. Því hafi honum með öllu verið óheimilt að taka við greiðslum og gefa út yfirlýsingu um lokagreiðslu bréfsins, sem hann átti ekki einn, auk þess sem bréfið var ekki í hans vörslum og hafði verið veðsett til tryggingar á skuld við þriðja aðila. Sakir fjölskyldutengsla sóknaraðila við Stefán og Jón Sigurðsson hafi honum verið eða mátt vera ljósir þessir annmarkar á rétti Stefáns til að taka við ætluðum greiðslum vegna veðskuldabréfsins.

Varnaraðilar telja, að 3. gr. tilskipunar um áritun afborgana á skuldabréf frá 9. febrúar 1798 (sic) sé undantekning frá þeirri meginreglu, að lausar kvittanir fyrir greiðslum af skuldabréfi hafi aðeins gildi gagnvart útgefanda þeirra, en ekki öðrum, ef greiðslurnar eru ekki jafnframt færðar á bréfið sjálft. Þessa grein tilskipunarinnar beri því að skýra þröngt, og eigi hún ekki við um þær vaxtagreiðslur, sem sóknaraðili haldi fram, að hann hafi greitt Stefáni Sigurðssyni. Ætlaðar greiðslur samkvæmt kvittunum, dags. 25. september 1990 og 22. janúar 1992, hafi verið inntar af hendi, eftir að Stefán hafði ráðstafað bréfinu til varnaraðila, og því fullnægi vaxtagreiðslur ekki því skilyrði umræddrar 3. gr. tilskipunarinnar, að þær hafi einnig gildi gagnvart öðrum, „sem skuldabréfið hefir síðar verið selt í hendur að veði eða til eignar“.

Þá halda varnaraðilar því fram, að kvittanir Stefáns Sigurðssonar fullnægi ekki því skilyrði 3. gr. tilskipunar frá 9. febrúar 1798 (sic) að vera „sérstakar kvittanir fyrir vöxtum“. Tvær þeirra tiltaki „afb. og vexti“ og hin þriðja „lokagreiðslu“. Fullkomin óvissa sé einnig um, hvaða fjárhæð sóknaraðili telji sig hafa greitt í vexti, og beri hann hallann af þeirri óvissu.

Til stuðnings varakröfu er vitnað til þess, að Stefán Sigurðsson hafi veitt viðtöku 4.911.050 krónum til greiðslu afborgana og vaxta að fullu samkvæmt veðskuldabréfinu, en höfuðstóll þess sé 3.754.000 krónur. Mismunur þessa, 1.157.050 krónur, sé fjárhæð vaxtagreiðslu, og því geti krafa varnaraðila samkvæmt bréfinu aldrei lækkað nema um þá fjárhæð, og komi því 4.964.424 krónur til úthlutunar. Þar sem heildarkrafan sé samkvæmt nauðungarsölubeiðni 11.338.644 krónur, eigi þessi málsástæða einnig við um aðalkröfu varnaraðila.

V.

Niðurstaða.

Í máli þessu er ágreiningur með aðilum um úthlutun nauðungarsöluandvirðis fasteignarinnar Háseylu 11, Njarðvík, til varnaraðila á grundvelli skuldabréfs, út gefins af sóknaraðila til handhafa 15. september 1988, að höfuðstól 3.754.000 krónur, með 24% vöxtum, tryggt með veði í eigninni. Samkvæmt frumvarpi sýslumannsins í Keflavík að úthlutun söluverðs, dags. 2. júní 1994, hrekkur nauðungarsöluandvirðið til greiðslu skuldabréfsins að hluta með 6.121.474 krónum, en í nauðungarsölubeiðni varnaraðila er krafan reiknuð 11.338.644 krónur.

Andmæli sóknaraðila við frumvarpi sýslumanns lúta að því, að vextir samkvæmt skuldabréfinu séu greiddir, og því komi einungis höfuðstóll bréfsins til úthlutunar. Þessu er með öllu mótmælt af hálfu varnaraðila.

Svo sem rakið hefur verið, var Kjartani Reyni Ólafssyni hrl. fyrir hönd Stefáns Sigurðssonar afhent umrætt veðskuldabréf 6. desember 1988 að lokinni þinglýsingu, en gögn málsins benda til þess, að það hafi verið í eigu nefnds Stefáns og Jóns Sigurðssonar. Með yfirlýsingu Stefáns, dags. 17. september 1989, var skuldabréfið sett til tryggingar dómskuld Jóns við varnaraðila og greindum lögmanni falin varsla bréfsins í því skyni. Þessi yfirlýsing var samþykkt 22. sama mánaðar af Jóni og lögmanninum. Þar með öðluðust varnaraðilar handveð í umræddu veðskuldabréfi, enda var nauðsynlegra tryggingarráðstafana gætt. Greiðslur sóknaraðila til Stefáns Sigurðssonar eftir þessa ráðstöfun og án þess að hann hefði bréfið undir höndum, gátu því ekki leyst sóknaraðila undan skuldbindingu samkvæmt bréfinu, en fjárhæð þeirra var samtals 3.603.840 krónur samkvæmt kvittunum, dags. 25. september 1990 og 22. janúar 1992. Hvað sem líður gildi

greiðslu sóknaraðila fyrir umrædda veðsetningu samkvæmt kvittun, dags. 15. september 1989, að fjárhæð 1.307.210 krónur, er ótvírætt, að eftirstöðvar bréfsins að teknu tilliti til þeirrar greiðslu eru meiri en nemur þeirri fjárhæð, sem kemur til úthlutunar samkvæmt frumvarpi sýslumanns.

Hinn 2. nóvember 1992 var varnaraðilum afhent umrætt veðskuldabréf, og liggur ekki fyrir, að réttur þeirra til að krefjast greiðslu samkvæmt bréfinu hafi verið vefengdur, hvorki af sóknaraðila né þeim, sem seldu varnaraðilum bréfið að handveði.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á aðalkröfu varnaraðila, og er staðfest sú ákvörðun sýslumannsins í Keflavík, að frumvarp að úthlutunargerð nauðungarsöluandvirðis fasteignarinnar Háseylu 11, Njarðvík, dags. 2. júní 1994, standi óbreytt um úthlutun til varnaraðila, að fjárhæð 6.121.474 krónur, vegna veðskuldabréfs, sem hvílir á 6. veðrétti eignarinnar.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum samtals 60.000 krónur í málskostnað.

Benedikt Bogason dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er sú ákvörðun sýslumannsins í Keflavík, að frumvarp til úthlutunargerðar nauðungarsöluandvirðis fasteignarinnar að Háseylu 11, Njarðvík, standi óbreytt, að því er varðar úthlutun, að fjárhæð 6.121.474 krónur, til varnaraðila, Helgu Gunnólfsdóttur, Helgu Árnadóttur, Gunnlaugar Árnadóttur, og Helgu Bylgju Árnadóttur, vegna veðskuldabréfs, út gefins 15. september 1988 af sóknaraðila, Sigurði Friðrikssyni, til handhafa, að fjárhæð 3.754.000 krónur, sem hvílir á 6. veðrétti eignarinnar.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum samtals 60.000 krónur í málskostnað.
